

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028,
blönduð byggð, Selási, Egilsstöðum.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. október 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, frá 21. desember 2009.

Breytingin felst í að landnotkun á íbúðarsvæði B1, þess hluta sem nær yfir lóðir í Selási nr. 3-6 og 8-10, er breytt í blandaða byggð með auðkennið L6. Eftirfarandi skilmálar eru settir um svæði L6: „Á svæðinu er gert ráð fyrir þjónustu í smáum stíl, sem byggir á nálægð við miðsvæði og verslunar- og þjónustusvæði, svo sem gístaðstöðu. Ekki er gert ráð fyrir auknu byggingarmagni en lítilsháttar viðbætur við núverandi hús eru heimilar ef þörf krefur, t.d. vegna breytinga á notkun.“

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 28. október 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Íris Bjargmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 12. nóvember 2010